

REGLUGERÐ

um mörk lindans (hexicíð og ísómerar þess) og tíabendazóls í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu.

I. KAFLI

Matjurtir.

1. gr.

Magn lindans (gamma-hexaklóracyklóhexan) í gulrófum eða káli, sem boðið er almenningi til sölu, má eigi vera meira en 1000 ng/g. Lindanmagn þetta er miðað við ákvörðun efnisins í heilum rófum eða káli með því vatni, sem í því kann að vera, þegar þess er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

Magn ísómera lindans (alfa, — beta — og delta — hexaklóracyklóhexan) má samanlagt ekki vera umfram 50 ng/g í rófum eða káli, sem selt er almenningi og rannsakað með þeim hætti, er að framan greinir.

2. gr.

Samanlagt magn lindans og ísómera þess í kartöflum, sem boðnar eru almenningi til sölu, má eigi vera meira en 50 ng/g. Er magn þetta miðað við ákvörðun efnanna í heilum kartöflum með því vatni, sem í þeim kann að vera, þegar þeirra er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

3. gr.

Magn tíabendazóls í kartöflum, sem boðnar eru almenningi til sölu, má eigi vera meira en 5 míkróg/g. Er magn þetta miðað við heilar og óflysjaðar markaðskartöflur, að undangengnum þvotti eða skolun með vatni. Markgildi þetta tekur einnig til innfluttra kartaflna, sem ætlaðar eru til manneldis.

II. KAFLI

Smjörfita og smjörlíkisfita.

4. gr.

Magn lindans og ísómera þess í smjöri, sem boðið er almenningi til sölu, má samanlagt ekki vera meira en 500 ng/g. Er magn þetta miðað við ákvörðun efnanna í vatnssnauðri smjörfitu, sem unnin er úr smjöri í órofum neytendaumbúðum eins og þeirra er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

5. gr.

Magn lindans og ísómera þess má samanlagt ekki vera meira en 500 ng/g í smjörlíki, sem boðið er almenningi til sölu og rannsakað er svo sem frá er greint í 3. gr.

Sömu ákvæði skulu gilda um hvers konar viðbit, sem sett er á markað í stað smjörs eða smjörlíkis, þar á meðal tólg og jurta-smjörlíki.

III. KAFLI

Rannsóknir og eftirlit.

6. gr.

Ráðherra setur reglur um sýnatöku og meðferð sýna, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, sem annast rannsóknir á sýnum að höfðu samráði við eitur-efnanefnd. Heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins hafa eftirlit með framleiðslu matvæla samkvæmt reglugerð þessari.

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

7. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. ágúst 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 525/1980 um mörk lindans (hexicíðs) og ísómera þess í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1982.

Svavar Gestsson.

Ingolf J. Petersen.

25. júní 1982.

Nr. 350.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 165 16. september 1963
um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Við ofangreint sjónpróf er heimilt að nota augnlinsur (snertilinsur, contact-linsur). Þá skal og gæta þess, að sá, sem prófaður er, þíri ekki augun meðan á prófi stendur.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Sé sá, sem prófa skal, 40 ára eða eldri, og sanni hann með sjóferðabók eða á annan tryggilegan hátt, að hann hafi í 10 ár eða lengur gegnt skipstjóra- eða stýri-mannsstöðu, og að hann hafi í byrjun starfstíma síns fullnægt kröfum 2. gr. reglu-gerðar þessarar, er heimilt að nota gleraugu við prófið.

Með gleraugum skal hann hið minnsta hafa sjónstyrkleika:

6/9 eða 0.67 á betra auga og

6/24 eða 0.25 á lakara auga.

Sjónsvið skal hann hafa óskert og litskyggni fullkomið, samkvæmt 2. gr. þess-arar reglugerðar.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Missi skipstjórnarmaður atvinnuréttindi sín samkvæmt reglugerð þessari, getur ráðherra veitt undanþágu frá henni. Þó skulu meðmæli nefndar þeirrar, er um getur í 9. gr., koma til. Aldrei má veita slíka undanþágu, sé sjónstyrkur með berum augum eða augnlinsum, undir 6/9 eða 0.67 og óskert sjónsvið á betra auga eða því auga, sem eftir er, hafi annað augað ónýst að fullu. Undanþágu má veita 6 mánuðum eftir slys eða sjúkdóm þann, er sjóntapinu olli. Undanþágu má ekki veita öðrum en vönum skipstjórnarmönnum, og skal í slíkum tilfellum endurnýja augnvottorð á 5 ára fresti.